



Dagskrá aðalfundar Betri samgangna, fimmtudaginn 28. apríl 2022

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað, sbr. ákvæði hluthafasamkomulags, eða tap og framlög í varasjóð.
4. Starfskjarastefna stjórnar lögð fram til staðfestingar.
5. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðanda félagsins.
8. Breyting á samþykktum.
9. Önnur mál löglega upp borin.

Tillögur:

1. Ársreikningur. Tillaga stjórnar er að ársreikningur verði samþykktur.
2. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað, sbr. ákvæði hluthafasamkomulags, eða tap og framlög í varasjóð. Öll útgjöld fyrirtækisins eru eignfærð í ársreikningi og því hvorki um hagnað né tap að ræða. Í samræmi við það er ekki um að ræða að framlög séu færð í varasjóð fyrirtækisins.
3. Stjórn fyrirtækisins leggur fram tillögu að starfskjarastefnu þess og leggur til að hún verði samþykkt.
4. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda. Stjórn leggur til að greiðslur til stjórnarmanna, varamanna í stjórn og endurskoðanda verði þannig: Laun stjórnarmanna hækki um 2,9% þannig að laun hvers stjórnarmanns verði kr. 180.000 á mánuði og þóknun formanns stjórnar verði tvöföld sú fjárhæð. Varamenn í stjórn fái greidd hálf stjórnarlaun fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en sem nemur einum stjórnarlaunum fyrir hvern mánuð. Endurskoðandi fyrirtækisins er Ríkisendurskoðun, sem skal fá greitt fyrir starf sitt samkvæmt framlögðum reikningi.
5. Kosning stjórnar fyrirtækisins. Samkvæmt tilnefningu fjármála- og efnahagsráðherra er gerð tillaga um eftirtalda þrjá aðalmenn í stjórn fyrirtækisins og einn varamanna.
Aðalmenn: Árni M. Mathiesen, sem jafnframt er tilnefndur sem formaður stjórnar, Eyjólfur Árni Rafnsson og Guðrún Ögmundsdóttir.
Varamaður: Guðrún Birna Finnsdóttir.
Samkvæmt tilnefningu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er gerð tillaga um eftirtalda þrjá aðalmenn í stjórn fyrirtækisins og einn varamanna.
Aðalmenn: Gunnar Einarsson, sem jafnframt er tilnefndur sem varaformaður stjórnar, Ólöf Örvarsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.
Varamaður: Ármann Kr. Ólafsson.
6. Samkvæmt samþykktum fyrirtækisins skal gera tillögu um að ríkisendurskoðun endurskoði reikninga fyrirtækisins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Tillaga er því gerð um Ríkisendurskoðun sem endurskoðanda fyrirtækisins.
7. Stjórn leggur til að eftirfarandi bætist við 5. mgr. 5. gr. samþykpta félagsins: „Þrátt fyrir framangreint skal stjórn heimilt að hækka hlutfé félagsins um 15 milljarða hluta á genginu 1



í þeim tilgangi að greiða Ríkissjóði fyrir tvær landspildur að Keldum, L110481, og Keldnaholti, L109210, í Reykjavík.“

8. Önnur mál löglega upp borin. Aðrar tillögur hafa ekki borist frá hluthöfum og því ekki önnur mál á dagskrá.